



Akureyri 19. júlí 2010

## Kæru fermingarbörn og foreldrar/forráðamenn

Við hér í Akureyrarkirkju erum nú farin að huga að fermingarfræðslu vetrarins og viljum boða þau ungmenni til hennar sem ætla að fermast næsta vor. Einnig eru þau velkomin sem ekki hafa í hyggju að fermast.

Fermingarfræðslan hefst með ferð í Fermingarskóla á Vestmannsvatni. Farið er í þremur hópum og gistir hver hópur eina nótt. Þetta er í fimmta sinn sem fermingarbörn eru boðuð að Vestmannsvatni, en reynsla okkar af þessum samverum er ákaflega góð.

Hér eru helstu upplýsingar vegna fermingarskólans.

### Hópur 1: Brekkuskóli. Fer þriðjudaginn 17. ágúst.

Mæting kl. 16.15 við Akureyrarkirkju, brottför kl. 16.30.

Heimkoma: miðvikudaginn 18. ágúst kl. 18.00.

### Hópur 2: Lundarskóli. Fer miðvikudaginn 18. ágúst.

Mæting kl. 16.15 við Akureyrarkirkju, brottför kl. 16.30.

Heimkoma: fimmtudaginn 19. ágúst kl. 18.00.

### Hópur 3: Naustaskóli og Oddeyrarskóli. Fer fimmtudaginn 19. ágúst.

Mæting kl. 16.15 við Akureyrarkirkju, brottför kl. 16.30.

Heimkoma: föstudaginn 20. ágúst kl. 18.00.

Við biðjum foreldra að sækja börnin að Akureyrarkirkju við heimkomu.

Fermingarskólinn kostar kr. 3000 og verður innheimt í haust.

Velkomið er að hafa samband við presta kirkjunnar vegna kostnaðar, ef foreldrar/forráðamenn sjá sér ekki fært að bjóða fermingarbarninu að koma vegna aðstæðna.

### Gott að vita:

- Fermingarskólinn er á Vestmannsvatni en þar hefur Þjóðkirkjan rekið sumarþúðir í áratugi.
- Þar er mótuneyti og því þarf ekki að hafa með sér nesti.
- Sofið verður í 3ja manna herbergjum og þurfa allir að koma með svefnpoka eða sængur.
- Gott að hafa handklæði og föt til skiptanna.
- Á dagskrá eru bátaferðir, gönguferðir, leikir og fleira.
- Tökum góða skapið með.
- Óheimilt er að hafa meðferðis síma, ipod og önnur slík tæki, sælgæti og gosdrykki.

Nánari upplýsingar í síma 462 7700 milli kl 9.00 og 13.00 virka daga.  
**Foreldrar/forráðamenn eru vinsamlegast beðin að skrá fermingarbörnin í ferðina, á netfangið [gyda@akirkja.is](mailto:gyda@akirkja.is) eða hjá ritara í síma 462 7700, fyrir miðvikudaginn 11. ágúst næstkomandi.**

Hægt er að hafa samband við sr. Svavar í síma 860-2104 eða sr. Hildi Eir í síma 863-1504, ef nauðsyn krefur, meðan á ferðinni stendur.

Símanúmerið á Vestmannsvatni er 464-3553.

Með kveðju frá prestunum í Akureyrarkirkju  
Svavar og Hildur Eir